

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands**1. fundur, haldinn í fundarsal A ÍSÍ 14.9.2015 kl. 20:00**

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Þóra Margrét Hjaltested formaður laganefndar, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri.

Boðuð forföll: Sunna Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

Dagskrá:

1. Erindi frá tækninefnd í hópfimleikum

Tækninefnd í hópfimleikum lagði erindi er varða þreföld heljarstökk.

Stjórn FSÍ fagnar því að tækninefnd í hópfimleikum sé að skoða útfærslu á leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum á mótum á Íslandi. Erindið eins og það er í dag er ekki fullmótað og ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn. Þarf laganefnd að fara yfir erindið ásamt tækninefnd í hópfimleikum og skrifstofu. Horfa skal til vinnu við þjálfara – og iðkendaskírteini og setja þar inn.

2. Erindi frá tækninefnd karla um dómarahitting

Tækninefnd karla ætlar að halda upprifundarkvöld fyrir dómara.

Stjórn FSÍ fagnar þessu.

3. Erindi frá tækninefnd karla um dómaraskírteini

Tækninefnd karla biðlar til stjórnar að koma dómaraskírteinum á sem fyrst.

Vísað til skrifstofu til úrlausnar.

4. Erindi frá tækninefnd karla um netvæðingu dómaraprófs

Tækninefnd karla vill færa dómaramenntun í meira mæli yfir á internetið.

Tekið til umræðu og vel tekið undir, þarf að útfæra nánar.

5. Erindi frá vinnuhóp um íslenska fimleikastigann

Vinnuhópur um íslenska fimleikastigann á eftir að fá greitt

Stjórn FSÍ setur greiðslu til vinnuhópsins í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og felur skrifstofu að ganga frá greiðslu í janúar 2016. Nákvæm upphæð verður ákveðin þegar vinna við fjárhagsáætlun er unnin.

Fundargerðir nefnda**6. Fundargerð frá 1. fundi tækninefndar karla**

Lögð fram til kynningar.

Fundi slitið klukkan 21:21

3. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 28. September kl. 20:00.